

Fundargerð

*16. fundur fræðslu- og menningarráðs, haldinn í Grunnskólanum á Þórshöfn
miðvikudaginn 10. október 07 kl. 17: 00.*

Mættir: Arnar Einarsson, Guðni Örn Hauksson, Sólveig Óladóttir, Sigríður Jónsdóttir, Jóhannes Jónsson og Steinunn Guðnadóttir.

Dagskrá.

1. Mál. Umsóknir um starf aðstoðarmatráðs.

5 umsóknir bárust frá Andreu Björk Sigurvinsdóttur, Birnu Sigurðardóttur, Höllu Rún Halldórsdóttur, Bryndísi Kjartansdóttur og frá Sólveigu Sveinbjörnsdóttur. Starfið var auglýst vegna uppsagnar Kristbjargar Níelsdóttur, þann 27. sept 07. Ráðið mælti með ráðningu Bryndísar Kjartansdóttur í starfið. Jóhannes Jónsson sat hjá vegna vanhæfis.

2. Mál. Skýrsla skólastjóra leikskóla Barnabóls.

Steinunn dreifði skóladagatali sem farið var yfir og fór einnig yfir samvinnu leikskóla og grunnskóla og finnst leikskólastjóra að auka mætti samstarf skólanna.

3. Mál. Hjallastefnan rædd.

Vegna fyrirlestrar sem haldinn var í sept. 07.

4. Mál. Farið yfir ytra mat.

Bréf barst frá kennurum þar sem nefndar eru ýmsar úrbætur á skólahúsnæði og ýmsum munum skólans. Nefndin álitur að margt í tillögunum eru atriði sem nauðsynlegt er að fara að huga að .

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið .

Sólveig Óladóttir, ritari.